

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 28. febrúar 2012 kl. 15:00

Mætt voru: Auður Hauksdóttir, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Guðni Elísson, Hjalti Hugason, Höskuldur Þráinsson, Róbert H. Haraldsson, Skúli Pálsson, Sólveig Anna Bóasdóttir, Valur Ingimundarson, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

Fundargerð

1. *Fjárhagsáætlun.* ÁE kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir Hugvísindastofnun og undirstofnanir 2012. Heildarframlög til stofnananna hækka milli ára, þó ekki í hlutfalli við hækkun mótframlaga til sviðsins vegna rannsóknastyrkja. ESS skýrði forsendur fyrir dreifingu mótframlaga á stofnanir. Rætt um nauðsyn þess að ganga ekki lengra í niðurskurði á hlutfallslegum framlögum til stofnananna. Rætt um að formenn stjórna stofnananna þurfi að sjá á hvaða grunni mótframlög stofnana eru reiknuð.

Samþykkt að senda formönnum stjórna stofnananna yfirlit yfir styrki sem mótframlög byggjast á til yfirlestrar áður en gengið verður frá greiðslu til stofnana. Fjárhagsáætlun samþykkt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar í kjölfar yfirlesturs formanna.

2. *Umsókn um styrk til Frændafundar.* ÁE kynnti umsókn frá aðstandendum Frændafundar um styrk til útgáfu erinda frá fundinum á Íslandi 2010.

Samþykkt einróma að styrkja útgáfuna um 150.000 kr.

3. *Önnur mál.* ÁE sagði frá áformum um að gefa út bók á vegum Hugvísindastofnunar með greinum um og eftir Noam Chomsky.

Fundi slitið kl. 17:00.